



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 10. apríl, 2006

Ákvörðun nr. 13/2006

Kaup Fons Eignarhaldsfélags hf. á Skeljungu hf.

1.

Með bréfi dags 14. mars 2006, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um að Fons Eignarhaldsfélag hf. hefði keypt allt hlutfé í Skeljungu hf. með kaupsamningi dags. 28. febrúar 2006. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaupin í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaefirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

2.

Í tilkynningunni kemur fram að Fons sé fjárfestingarfélag sem stundi aðallega fjárfestingar erlendis, einkum á Bretlandi og Norðurlöndunum. Dótturfélög sem að fullu séu í eigu Fons hér á landi séu Pönnu Pizzur ehf. og Ísland Express. Þá eigi Fons einnig stóran hlut í Plastprent hf., Inn hf. og Högum hf. Einnig eigi félagið lítinn hluta í Dagsbrún hf. Hvorki forsvarsmenn Fons né stjórn félagsins sinni daglegum rekstri þessara félaga, en Fons eigi fulltrúa sinn í stjórn þeirra.

Að mati Fons verði ekki séð að þessi viðskipti séu vaxin með þeim hætti að nauðsyn standi til þess að skila inn sérstakri samrunaskýrslu á grundvelli reglna nr. 881/2005 um tilkynningu samruna. Sé það mat byggt á því að við kaup Haga á Skeljungu á sl. ári hafi verið skilað inn ítarlegri samrunaskýrslu. Hafi staða Skeljungu ekki breyst að neinu verulegu leyti síðan þá.

Samkvæmt samningum milli Haga og Fons muni Skeljungur yfirtaka allan verslunarrekstur Skeljungu, sem hafði verið færður yfir til Tíu-Ellefu í tíð eignarhalds Haga. Engin starfsemi sem tilheyri Skeljungu muni verða eftir í Högum. Skeljungur verði því rekið sem dótturfélag Fons.

3.

Af upplýsingum sem fram koma tilkynningunni er ljóst að nær engra samlegðaráhrifa gæti við samrunann. Grundvallast það fyrst og fremst á því að ekkert fyrirtæki í eigu Fons stundar viðskipti með olíuvörur eða veitir sambærilega þjónustu og Skeljungur gerir. Ljóst virðist að samruninn muni því ekki hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif á sviði olíuviðskipta, -dreifingar og -þjónustu. Þá hafa ekki komið fram önnur atriði sem benda til þess að samruninn geti raskað samkeppni. Í ljósi þessa er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna Fons og Skeljungu á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.



Ákvörðunarorð

„Með kaupsamningi, dags. 28. febrúar 2006, keypti Fons Eignarhaldsfélag hf. allt hlutafé í Skeljungu hf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafst frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson